

131. fundur stjórnar.

Haldinn 8. apríl 2026 Teams fundur kl. 17:00

Mættir voru úr stjórn Spítalans okkar: Þorkell Sigurlaugsson formaður, Gunnlaug Ottesen, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Berglind Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð

1. Aðalfundur dagsetning og staðsetning

Rætt var um dagsetningu aðalfundar.

Til greina kemur mánudagurinn 27. apríl kl. 15:30 í Fenjamýri í Grósku. Þorkell fær þessa dagsetningu staðfesta til að bóka húsið.

Ákveðið að bjóða upp á kaffi og kaffibrauð á fundinum.

2. Nýir aðilar í stjórn

Rætt var um val á tveimur nýjum aðilum í stjórn. Ýmis nöfn voru nefnd svo sem, Jón Atli Benediktsson, Guðmundur Sigfússon, Flóki Halldórsson, Árni Már Haraldsson o.fl. Farið yfir póstlista og í framhaldi ákveðið að Þorkell mun ræða við Jón Ólaf Ólafsson. Berglind ræðir við Jón Halldór Hjartarson heimilislækni.

Einnig var ákveðið að senda póst á úrtak úr póstlista félagsins (alls um 30 manns) þar sem óskað verður eftir tilnefningum. Gunnlaug mun gera þetta.

3. Fyrirlesarar á aðalfundi

Rætt var um fyrirlesara:

- Ákveðið að fá Lilju Stefánsdóttur frá LSH sem fyrirlesari að ræða innri vinnu LSH vegna nýs Landspítala. Þorkell mun hafa samband við hana varðandi beiðni.
- Svanhildur Sigurðardóttir kemur til greina sem annar fyrirlesari, með erindi um mikilvægi grænna garða og heilandi umhverfis fyrir sjúklinga í nýjum spítala. Berglind mun hafa samband við hana.

4. Boðun aðalfundar

Senda verður út boð tveimur vikum fyrir fund eða næsta mánudag.

Þorkell sér um að senda út fundarboðið.

5. Dagskrá aðalfundar

Ákveðið að dagskrá verði með hefðbundnum aðalfundarstörfum í ca 30 min.

Að þeim loknum verða tvö erindi, hvort um sig um 20-30 mínútu með fyrirspurnatíma

6. Fjölga félagsmönnum

Farið yfir hvaða leiðir eru til að fjölga félagsmönnum. Þarf að halda svipuðum fjölda eða um 800 eru félagsmenn og vel rúmlega 300 manns greiði árgjaldið

Fundi slitið kl. 18:00.